

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016**  
**(flutningur þjónustu milli ráðuneyta).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „kærunefnd útlendingamála“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: stjórnvaldi sem fer með framkvæmd 27. og 33. gr.
- b. Í stað orðsins „Stofnunum“ þrívægis í 2. mgr. kemur: Stjórnvöldum.
- c. Á eftir orðunum „kærunefnd útlendingamála“ í 3. mgr. kemur: stjórnvald sem fer með framkvæmd 27. og 33. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Læknisskoðun fer fram á vegum þess stjórnvalds sem fer með framkvæmd þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, sbr. 27. og 33. gr.
- b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Sæki fylgdarlaust barn um alþjóðlega vernd skal stjórnvald sem fer með framkvæmd 27. og 33. gr. tryggja að barnið fái þjónustu í samræmi við aldur þess og þroska en Útlendingastofnun skal tryggja að barnið fái málsmeðferð í samræmi við aldur þess og þroska.

3. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 3. málsl. 7. mgr. 33. gr. laganna kemur: stjórnvald sem fer með þjónustu samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. júní 2022.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Jón Gunnarsson.*